

STJÓRNARTÍÐINDI C 1 — 1977

7. janúar 1977.

1

Nr. 1.

AUGLÝSING

um gildistöku samnings um reglur um fiskveiðar í Norður-Atlantshafi.

Hinn 26. september 1976 gekk í gildi samningur um reglur um fiskveiðar í Norður-Atlantshafi, gerður í London hinn 1. júní 1967.

Samningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu 12. maí 1969 og þá birtur (sjá Stjórnartíðindi C-deild, auglýsingu nr. 6/1969).

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 7. janúar 1977.

Einar Ágústsson.

Henrik Sv. Björnsson.

9. febrúar 1977.

Nr. 2.

AUGLÝSING

um breytingar á stofnskrá Evrópuráðsins.

Samkvæmt heimild í 41. grein d. lið stofnskrár Evrópuráðsins var við endurnýjun aðildar Grikklands að ráðinu gerð breyting á 26. grein stofnskrárinnar varðandi fjölda fulltrúa á Ráðgjafarþingi Evrópuráðsins (sjá auglýsingu í Stjórnartíðindum C-deild nr. 9/1971). Var ákveðið að Grikkland skyldi öðlast rétt á 7 fulltrúum á þinginu. Tók breyting þessi gildi hinn 9. desember 1974.

Þá hefur í sambandi við aðild Portúgals að ráðinu verið ákveðið á grundvelli sömu heimildar að það ríki skuli einnig eiga rétt til 7 fulltrúa. Tók sú breyting gildi hinn 2. október 1976.

26. grein stofnskrárinnar með áorðnum breytingum er birt sem fylgiskjal auglýsingar þessarar.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 9. febrúar 1977.

Einar Ágústsson.

Henrik Sv. Björnsson.

C 1